



NEÐANSJÁVARVATNSLEIÐSLA TIL VESTMANNAEYJA

Fyrirspurn um matsskyldu
Mat á umhverfisáhrifum

September 2025



HEITI SKÝRSLU:	NEÐANSJÁVARVATNSLEIÐSLA TIL VESTMANNAEYJA FYRIRSPURN UM MATSSKYLDU. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.		DREIFING: ☒ OPIN ☐ LOKUÐ TIL ☐ HÁÐ LEYFI VERKKAUPA
VERKEFNI:	06247-008		
SKÝRSLA NR.	06247-P301-0301	AFURÐAR- AUÐKENNI: 06247- M00010	

ÚTGÁFUSAGA:					
ÚTG. NR	DAGS.	HÖFUNDUR	RÝNT AF	SAMP.	ÚTGÁFUSTAÐA
1	2025-09-03	KBL, EBK	ÞG	HVA	Til útgáfu

HÖFUNDAR: Katrín Blöndal Erla Bryndís Kristjánsdóttir Þórhildur Guðmundsdóttir	VERKEFNISSTJÓRI: Kristján G. Sveinsson
---	---

UNNIÐ FYRIR: Vestmannaeyjabæ UMSJÓN: Dagný Hauksdóttir	SAMSTARFSADILAR: HS Veitur
---	-------------------------------

ÚTDRÁTTUR: Í kjölfar umfangsmikilla skemmda á vatnsleiðslu til Vestmannaeyja í nóvember 2023 er vatnsflutningur þangað ótryggur. Til stendur að leggja nýja 8“ neðansjávarvatnsleiðslu, NSL4, til hliðar við núverandi leiðslu, NSL3, um 12,5 km leið milli lands og eyja, til að tryggja afhendingu vatns til Vestmannaeyja. Framkvæmdasvæðið er að hluta til innan Aðalskipulags Rangárbings eystra 2020-2032 og Aðalskipulags Vestmannaeyjabæjar 2015-2035, en er að öðru leyti utan skipulags. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2032, miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar, en gera þarf litla breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035. Vestmannaeyjar í heild eru á B hluta náttúruminjasrárr vegna auðugs lífríkis, þ.e. klóþangsfjöru að hluta (þó ekki á leið vatnsleiðslu) og mikilvægra varpstöðva sjófugla. Engin verndarsvæði eða aðrar takmarkanir á landnotkun eru innan framkvæmdasvæðis við hluta leiðslu í Bakkafjöru á Landeyjasandi. Talið er líklegt að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir, vatnafar, gróður, fugla, fornleifar, loftslag og ásynd lands. Þá er talið að framkvæmdin muni líklega hafa talsvert til verulega jákvæð áhrif á samfélag. Það er mat framkvæmdaraðila að ný vatnsleiðsla til Vestmannaeyja sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

LYKILORÐ ÍSLENSK: Vatnsleiðsla, Vestmannaeyjar, mat á umhverfisáhrifum, fyrirspurn um matsskyldu.	LYKILORÐ ENSK: Water pipeline, Westman Islands, Environmental Impact Assessment, EIA Screening.
--	--



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	ii
1 Inngangur	3
1.1 Markmið og forsendur	3
1.2 Matsskylda og leyfi	3
2 Framkvæmdalýsing	3
3 Staðhættir og umhverfi	7
4 Skipulag og vernd	7
4.1 Strandsvæðisskipulag	8
4.2 Aðalskipulag og svæðisskipulag	8
4.3 Deiliskipulag	8
4.4 Verndarsvæði	8
5 Helstu umhverfisáhrif	9
5.1 Jarðmyndanir	9
5.2 Vatnafar	12
5.3 Gróður	13
5.4 Fuglar	14
5.5 Fornleifar	16
5.6 Loftslag	16
5.7 Ásýnd lands	16
5.8 Samfélag	17
6 Niðurstaða	17
6.1 Helstu áhrif	17
6.2 Mótvægisaðgerðir	17
6.3 Heildarniðurstaða	18
7 Heimildir	19

Myndaskrá

Mynd 2.1 Yfirlitsmynd af fyrirhugaðri legu neðansjávarvatnsleiðslu NSL4 (efri) og dýptarsnið hafsbotns á leið leiðslunnar (neðri).	5
Mynd 2.2 Tengipunktur NSL4 í tengibrunni sunnan við núverandi dælustöð á Landeyjasandi.	6
Mynd 2.3 Tengipunktur NSL4 við aðveitu í Vestmannaeyjum, í Skansfjöru.	6
Mynd 3.1 Leiðslur innan fiskveiðibannmarka á milli lands og Eyja.	7
Mynd 5.1 Yfirlitsmynd berggrunns á svæðum tengipunkta vatnsleiðslu á landi, Bakkafjöru (efri) og Skansfjöru í Vestmannaeyjum (neðri).	10
Mynd 5.2 Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja í Vestmannaeyjum.	11
Mynd 5.3 Flokkun botngerða í Eyjasundi.	12
Mynd 5.4 Vistgerðarkort af Bakkafjöru.	13
Mynd 5.5 Vistgerðakort af svæði við Vestmannaeyjahöfn, Víkina og Skansinn í Vestmannaeyjum þar sem vatnsleiðsla NSL4 kemur á land.	14
Mynd 5.6 Mikilvæg fuglasvæði sitthvoru megin við Eyjasund þar sem vatnsleiðslan NSL4 verður.	15
Mynd 5.7 Svæði á B-hluta náttúru-minjaskrár í Vestmannaeyjum og hafsvæði umhverfis eyjarnar.	16

1 Inngangur

Vestmannaeyjabær áformar að leggja neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja. Leiðslan verður í eigu Vestmannaeyjabæjar en HS Veitur hf. munu sjá um rekstur hennar. Einungis ein vatnsleiðsla frá árinu 2008 hefur verið í rekstri milli lands og Eyja en eldri leiðslur hafa verið aflagðar. Um nokkurn tíma hefur staðið til að bæta við annarri vatnsleiðslu til að bæta afhendingaröryggi vatns til Vestmannaeyja. Mikilvægi þess að bæta afhendingaröryggið kom berlega í ljós þegar gríðarlegar skemmdir urðu á núverandi vatnsleiðslu í nóvember 2023, er akkeri skips fór í leiðsluna austast í höfninni við Heimaklett. Farið var í bráðabirgðaaðgerðir til að tryggja áframhaldandi vatnsflutning um leiðsluna, sem hefur gengið hingað til þrátt fyrir að skemmdir nái yfir a.m.k. 400 metra langan kafla. Einungis er hægt að leggja nýja vatnsleiðslu að sumarlagi vegna sjólags og er það eina varanlega lausnin til að tryggja vatnsflutning til Vestmannaeyja til framtíðar.

1.1 Markmið og forsendur

Markmið verkefnisins er að leggja nýja neðansjávarvatnsleiðslu til Vestmannaeyja til að tryggja öryggi vatnsflutnings þangað eins fljótt og auðið er.

Vestmannaeyjabær og HS Veitur hafa í samstarfi við Innviðaráðuneytið, unnið að undirbúningi þess að leggja nýja vatnsleiðslu til Eyja. Framkvæmdin hefur staðið til um nokkurn tíma og undirrituðu ríkið og Vestmannaeyjabær viljayfirlýsingu í júlí 2023, áður en skemmdir á núverandi leiðslu urðu, um að ríkissjóður tæki þátt í kostnaði við nýja vatnsleiðslu vegna almannavarnarsjónarmiða.¹ Langur afhendingartími er á efni og búnaði til að leggja út slíkar leiðslur og stefnt er að því að farið verði í framkvæmdina sumarið 2026.

1.2 Matsskylda og leyfi

Óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdarinnar sem fellur í B flokk undir lið 10.17 *Lagning vatnsveitu um langan veg*, í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Framkvæmdir í flokki B eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. 19. gr. laga nr. 111/2021.

Sbr. 4. og 5. grein reglugerðar um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjávarleiðslna nr. 600/2018, er framkvæmdin háð:

- Samþykki Umhverfisstofnunar, sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
- Framkvæmdaleyfi sveitarfélaga innan netlaga, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.
- Samþykki Samgöngustofu, sbr. lög um vitamál, nr. 132/1999.

2 Framkvæmdalýsing

Til stendur að leggja neðansjávarvatnsleiðslu, 8" að þvermáli, milli lands og eyja um 12,5 km leið, sjá Mynd 2.1 og teikningu í viðauka. Um er að ræða þrýstiberandi plastpípu með ytri lögum til að gera pípuna stöðugri og til varnar hnjaski. Leiðslan kemur til landsins með kapalskipi og verður upprúlluð í heilu lagi, þ.e.a.s. án samsetninga. Kapalskipið mun fara eins nálægt Landeyjarsandi og kostur er og leiðslunni verður fleytt upp á Landeyjasand. Þar tekur vinnuvél við pípuendanum og dregur upp að tengipunkti vatnsveitunnar, sunnan við núverandi dæluhús, sjá Mynd 2.2. Kapalskipið dregur síðan leiðsluna eftir hnitsettri lagnaleið til Vestmannaeyja og hinn endi leiðslunnar fer upp í Skansfjöru að tengipunkti við pípu sem þegar hefur verið lögð að dæluhúsi við Skansinn, sjá tengipunkt á Mynd 2.3.



Grafa þarf pípuna niður í fjöru að tengipunktum hennar annars vegar á Landeyjasandi og hins vegar í Skansfjöru. Mögulega verður búin til rás í lagnastæði fyrir pípuna í sjónum við Landeyjahöfn með

¹ Innviðaráðuneytið, Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2023. Viljayfirlýsing undirrituð um nýja vatnslögn til Eyja. Stjórnarráð Íslands.




spúlun. Mokað verður með sama efni og grafið var upp, aftur yfir pípuna. Því er ekki gert ráð fyrir efnistöku og ekki þörf á fyllingarefnum. Utan við um 30 m dýpi verður pípan lögð beint ofan á hafsbotninn og næst Vestmannaeyjum (eftir fyrstu 9 km frá fjöru Landeyjasands) verður hún skorðuð af með steiptum sökkum með um 50 m millibili. Næst landi við Landeyjarhöfn er til skoðunar að nota stuðningsmottur sem leggjast yfir pípuna.

Til að hægt sé að leggja leiðsluna þarf veður og sjólag að vera hagstætt og stefnt er að því koma leiðslunni út sumarið 2026. Framkvæmdatími er áætlaður um þrír mánuðir, að meðtöldum framkvæmdum í fjörum og frágangi.



Mynd 2.1 Yfirlitsmynd af fyrirhugaðri legu neðansjávarvatnsleiðslu NSL4 (efri) og dýptarsnið hafsbotns á leið leiðslunnar (neðri).




Mynd 2.2 Tengipunktur NSL4 í tengibrunni sunnan við núverandi dælustöð á Landeyjasandi.



Mynd 2.3 Tengipunktur NSL4 við aðveitu í Vestmannaeyjum, í Skansfjöru.

3 Staðhættir og umhverfi

Neysluvatnsleiðslan mun liggja á hafsbotninum milli lands og Eyja á um 30-90 metra dýpi, innan marka fiskveiðibanns eins og aðrar veituleiðslur til Eyja, sjá Mynd 3.1. Veiðar með öllum veiðarfærum eru bannaðar innan skilgreindra marka, sem sýnd eru á sjókortum Landhelgisgæslunnar.² Leiðslan mun liggja til hliðar við núverandi neðansjávarleiðslu (NSL3). Tengipunktur á Landeyjarsandi er sunnan við dæluhús HS Veitna hf. í Bakkafjöru, þar sem núverandi leiðsla er tengd. Tengipunktur vatnsleiðslunnar í Vestmannaeyjum er í Skansfjöru og er einnig á sama stað og núverandi leiðsla er tengd. Við framkvæmd NSL3 var einnig gert ráð fyrir NSL4 síðar meir og því er nú þegar búið að leggja pípu frá tengipunkti í Skansfjöru í inntakshús vatnsveitunnar Skansi fyrir NSL4. Valið er að hafa leiðslurnar á sömu leið og með sama landtökustað í Eyjum með tilliti til mögulegra framtíðaráforma um breytingar eða færslur á hafnarmannvirkjum. Með þessu móti er hægt að komast hjá frekara raski á landi sem myndi fylgja nýjum landtökustað.



Mynd 3.1 Leiðslur innan fiskveiðibannmarka á milli lands og Eyja.

4 Skipulag og vernd

Ein af forsendum leyfisveitinga er að framkvæmd sé í samræmi við skipulag. Innan netlaga skal leyfi samræmast gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlunum, sbr. skipulagslög nr. 123/2010. Leyfi fyrir framkvæmdum utan netlaga skal samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi sé það fyrir hendi, sbr. lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018.

Aðalskipulag tekur til alls lands sveitarfélags. Mörk sveitarfélaga til hafsins miðast við netlög en þau liggja 115 m utan við stórstraumsfjörumál.³ Strandssvæðisskipulag tekur til svæðis utan netlaga.

² Landhelgisgæsla Íslands. Sjókort. <https://kort.gis.is/mapview/?app=kort>

³ Innviðaráðuneytið, 2000. Mörk sveitarfélaga til hafsins. Stjórnarráð Íslands.



Innan netlaga er framkvæmdaleyfi almennt veitt á grundvelli deiliskipulags. Ef ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir viðkomandi svæði er heimilt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags eða svæðisskipulags.

4.1 Strandsvæðisskipulag

Ekkert strandsvæðisskipulag er í gildi á framkvæmdasvæðinu. Í landsskipulagsstefnu er kveðið á um gerð strandsvæðisskipulags. Gerð strandsvæðisskipulags á framkvæmdasvæðinu er ekki á áætlun skv. aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028 í gildandi landsskipulagsstefnu.⁴

4.2 Aðalskipulag og svæðisskipulag

Ekkert svæðisskipulag er í gildi á framkvæmdasvæðinu. Svæðið er að hluta til innan Aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032 og Aðalskipulags Vestmannaeyjabæjar 2015-2035, en er að öðru leyti utan skipulags.

Í Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032 er gert ráð fyrir vatnsveitu að Vestmannaeyjum. Þar kemur fram að veitan liggi frá Syðstu-Mörk til Vestmannaeyja. Skv. aðalskipulagsupphætti liggur lagnaleiðin um dælustöð HS Veitna hf. á Landeyjarsandi í átt að Vestmannaeyjum. Í aðalskipulaginu segir að tryggja skuli afhendingaröryggi neysluvatns til íbúa og fyrirtækja. Lagnaleiðin liggur um landnotkunarreitina *Strandsvæði ST1* og *Vötn, ár og sjór*. Í almennum skilmálum fyrir *Vötn, ár og sjór* segir að gert sé ráð fyrir minniháttar mannvirkjum, s.s. sæstreng. Framkvæmdin er því í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar.

Í Aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035 er gert ráð fyrir þremur vatnsleiðslum frá Landeyjarsandi til Eyja. Fram kemur að neðansjávarleiðslurnar liggi í gegnum hafnarmynnið og upp í landtakshúsið á Skansinum. Samkvæmt aðalskipulagsupphætti liggja vatnsleiðslurnar á svipuðum slóðum í sjó en í hafnarmynninu sameinast þær í eina legu og taka allar land á sama svæði, þ.e. innan landnotkunarreits AF-3 Skansinn. Um er að ræða villu í aðalskipulaginu því hið rétta er að ein af vatnsleiðslunum, NSL3, liggur samsíða ljósleiðara sem tekur land í Skansfjöru innan landnotkunarreits H-4 í Skansfjöru. Fyrirhugað er að ný vatnsleiðsla NSL4 liggi til hliðar við fyrirliggjandi NSL3 og ljósleiðara. Á landtökustað tengist vatnsleiðslan fyrirliggjandi vatnsleiðslu í landi.

Til stendur að gera breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035 til þess að leiðrétta legu NSL3 og að gert sé ráð fyrir NSL4.

4.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæði dælustöðvar á Landeyjarsandi í Rangárþings eystra eða á fyrirhuguðum landtökustað í Vestmannaeyjum. Framkvæmdin kallar því ekki á gerð breytingar á deiliskipulagi.

Ekki er þörf á deiliskipulagsgerð, þar sem allar meginforsendur munu liggja fyrir í aðalskipulagi og hægt að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli þess.

4.4 Verndarsvæði

Samkvæmt vefsíðu Náttúrufræðistofnunar um sérstaka vernd náttúruvæðingabæra,⁵ samanber 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, nýtur Eldfellshraun verndar. Óraskað hraun er nálægt framkvæmdasvæðinu í Vestmannaeyjum en ekki innan þess, þar sem framkvæmdasvæðið nær einungis að landtöku í fjörunni, sbr. Mynd 2.3.

Fornleifar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.⁶ Engar skráðar fornminjar eru á framkvæmdasvæðinu.

⁴ Innviðaráðuneytið, 2023. Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028. Stjórnarráð Íslands.

⁵ Náttúrufræðistofnun Íslands. Sérstök vernd náttúruvæðingabæra – kortasjá. <https://serstokvernd.ni.is/> (skoðað 28. maí 2024).

⁶ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.



Vestmannaeyjar eru á B-hluta náttúruminjaskrár þ.e. fellur undir náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun.⁷ Forsendur fyrir vali eru auðugt lífríki og klóþangsfjara að hluta við Kaplagjótu og Ræningjatanga, auk þess sem að í Eyjum eru afar mikilvægar varpstöðvar sjófugla.

Ystiklettur, sem er nálægt framkvæmdasvæði vatnsleiðslunnar í Vestmannaeyjum, er á C-hluta náttúruminjaskrár (svæði 722), þ.e. á skrá yfir mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Ástæða skráningar eru miklar og sérstæðar fuglabýggðir.

Engin verndarsvæði eða aðrar takmarkanir á landnotkun eru innan framkvæmdasvæðis við hluta leiðslu í Bakkafjöru á Landeyjasandi.

5 Helstu umhverfisáhrif

Í kaflanum er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum framkvæmdar miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir. Við mat á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er litið til umfangs, eðlis og staðsetningar framkvæmdarinnar skv. 19. gr. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Greindir hafa verið umhverfisþættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar, annarsvegar á framkvæmdartíma og hins vegar á rekstrartíma sbr. Tafla 5.1.

Tafla 5.1 Yfirlit yfir þá umhverfisþætti sem hugsanlega verða fyrir áhrifum, annars vegar á framkvæmdartíma og hins vegar á rekstrartíma.


Umhverfisþættir	Áhrifatími
Jarðmyndanir	Framkvæmdartími
Vatnafar	Framkvæmdar- og rekstrartími
Gróður	Framkvæmdartími
Fuglar	Framkvæmdar- og rekstrartími
Fornleifar	Framkvæmdartími
Loftslag	Framkvæmdar- og rekstrartími
Ásýnd lands/sjónræn áhrif	Rekstrartími
Samfélag	Framkvæmdar- og rekstrartími

5.1 Jarðmyndanir

Samkvæmt jarðfræðikorti ÍSOR⁸ er berggrunnur svæðisins landmegin setlög frá nútíma, mynduð af framburði jökuláa, og Vestmannaeyjamegin er berggrunnurinn basísk og ísúr hraun, yngri en 1100 ára, sjá Mynd 5.1.


⁷ Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúruminjaskrá. <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra> (skoðað 4. júní 2024).

⁸ ÍSOR. Jarðfræðikort. <https://arcgisserver.isor.is/> (skoðað 27. maí 2024).



Mynd 5.1 Yfirlitsmynd berggrunns á svæðum tengipunkta vatnsleiðslu á landi, Bakkafjöru (efri) og Skansfjöru í Vestmannaeyjum (neðri).⁹

Nálægt landtöku í Vestmannaeyjum nýtur Eldfellshraun sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sem hraun frá nútíma, sjá á Mynd 5.2. Útbreiðsla lúpínu hefur þegar dregið úr verndargildi og breytt ásýnd hraunsins.



Mynd 5.2 Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja í Vestmannaeyjum.¹⁰


Á evrópskri vefsíðu¹¹ má finna flokkun á botngerðum sjávar á grófum skala, sjá Mynd 5.3. Samkvæmt vefsíðunni er botngerð á leið vatnsleiðslunnar aðallega sandur nær meginlandi en þar sem nær dregur Vestmannaeyjum er undirlagið grófara og svo næst ströndinni eru það steinar og bjarg.

Framkvæmdin er líkleg til að hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir þar sem hún felur ekki í sér efnistöku og verður leiðslan lögð ofan á berggrunn á hafsbotni. Tengipunktur leiðslu í Vestmannaeyjum er í Skansfjöru svo Eldfellshrauni verður ekki raskað við framkvæmdina.

⁹ Náttúrufræðistofnun Íslands. Jarðfræðikort af Íslandi - Berggrunnur - 1:600.000, GDB og SHP, ISN2004.

¹⁰ Náttúrufræðistofnun Íslands. Sérstök vernd náttúruvirkbæra – 1:50.000, GDB og SHP, ISN93.

¹¹ European commission. EMODnet Map Viewer. <https://emodnet.ec.europa.eu> (skoðað 19. janúar 2024).

Mynd 5.3 Flokkun botngerða í Eyjasundi.¹²

5.2 Vatnafar

Samkvæmt grunnvatnshloti jarðfræðikorts ÍSOR¹³ er mikil lekt á svæði leiðslu NSL4 í Bakkafjöru, og oftast mikil lekt þar sem leiðslan liggur á landi í Vestmannaeyjum. Vatnavefsjá¹⁴ sýnir að framkvæmdasvæðið tilheyrir annars vegar grunnvatnshlotinu *Landeyjar 103-252-G* og hins vegar grunnvatnshlotinu *Eldfell 103-242-G*. Umhverfismarkmið fyrir grunnvatnshlotin eru að magnstaða sé góð og efnafræðilegt ástand gott, en magnstaða og efnafræðilegt ástand beggja grunnvatnshlota eru nú óþekkt. Framkvæmdasvæðið tilheyrir einnig strandsjávarhlotinu *Dyrhólaey að Þorlákshöfn 103-1342-C*. Umhverfismarkmið fyrir strandsjávarhlotið eru að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess sé gott og er ástand strandsjávarhlotsins ekki talið í hættu. Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand strandsjávarhlotsins er nú óþekkt. Staðbundið álag er í vatnshlotinu vegna fráveitu frá Vestmannaeyjum, þriggja fiskvinnslu og tveggja fiskimjölsverksmiðja.

Vatnsleiðsla NSL4 kemur ekki til með að þvera straumvötn og ekki er gert ráð fyrir aukinni vatnstöku vegna tilkomu leiðslunnar.

Ekkert vatnsverndarsvæði er á fyrirhugaðri leið vatnsleiðslu, hvorki innan sveitarfélagamarka Rangárþings eystra, samkvæmt núgildandi aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032,¹⁵ né á fyrirhugaðri leið leiðslu í Vestmannaeyjabæ, samkvæmt aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035.¹⁶

¹² European Commission. EMODnet Map Viewer. https://www.emodnet-geology.eu/map-viewer/?p=sea_floor_geology, Seabed substrate 1:1M (afritað 19. janúar 2024).

¹³ ÍSOR. Jarðfræðikort. <https://arcgisserver.isor.is/> (skoðað 27. maí 2024).

¹⁴ Stjórn vatnamála. Vatnavefsjá. <https://vatnavefsja.vedur.is/> (skoðað 27. maí 2024).

¹⁵ Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032.

¹⁶ Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035.


Ekki er talið líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér hnignun viðkomandi vatnshlota. Því er talið líklegt að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnafar.

5.3 Gróður

Svæði dæluhúss og leiðslu NSL4 í Bakkafjöru flokkast sem strandlendi og fjara og eru helstu vistgerðir, samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands¹⁷ (Mynd 5.4), sandstrandarvist, fjöruvist og strandmelhólavist. Vatnsleiðsla kemur á land í Vestmannaeyjum í fjöru og er þar helsta vistgerðin fjöruvist, sjá Mynd 5.5.

Vestmannaeyjar eru á B-hluta náttúruminjaskrár. Svæðið var valið vegna fjöruvistgerða og fugla, þ.e. klóþangsfjöru að hluta og mikilvægra varpstöðva sjófugla.¹⁸ Klóþangsfjöru er að finna að hluta við Kaplagjótu og Ræningjatanga, sjá Mynd 5.7, en ekki nálægt því svæði þar sem vatnsleiðsla NSL4 kemur á land.

Við framkvæmdir verður lítils háttar risk á landi sem hefur áhrif á gróður. Framkvæmdasvæði á landi er þó aðallega í lítt grónum fjörum og því eru líkleg áhrif á gróður metin óveruleg.




Mynd 5.4 Vistgerðarkort af Bakkafjöru.¹⁹

¹⁷ Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – kortasjá. <https://vistgerdakort.ni.is/> (skoðað 27. maí 2024).

¹⁸ Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúruminjaskrá. <https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra> (skoðað 27. maí 2024).

¹⁹ Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – kortasjá. <https://vistgerdakort.ni.is/> (skoðað 27. maí 2024).



Mynd 5.5 Vistgerðakort af svæði við Vestmannaeyjahöfn, Víkina og Skansinn í Vestmannaeyjum þar sem vatnsleiðsla NSL4 kemur á land.²⁰

5.4 Fuglar

Tenging vatnsleiðslu í Bakkafjöru er innan mikilvæga fuglasvæðisins; *Suðurlandsundirlendi*, samkvæmt vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands, *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*,²⁰ sjá Mynd 5.6. Fuglasvæðið nær frá Hellisheiði að Markarfljóti og er afar líffræðilega fjölbreytt þrátt fyrir að mest öllu votlendi hafi verið raskað með framræslu. Algengustu fuglategundirnar á Suðurlandsundirlendi eru grágæs, heiðagæs, álf og blesgæs en einnig er þar varpland fyrir himbrima og skúm og finnast þar að auki lómur, flórgoði, og toppönd.²¹ Tengipunktur vatnsleiðslu í Landeyjum er í sandfjörinni og þar er ekki búsvæði þeirra fugla sem eru lykiltegundir mikilvæga fuglasvæðisins; *Suðurlandsundirlendi*. Sandfjörur á Suðurlandi tilheyrir vistgerðinni *Brimasamar sandfjörur*²⁰ og segir um þá vistgerð að þar sé fuglalíf mjög lítið og fábreytt. Í sandfjörinni er helst að finna tegundir eins og sandlour og jafnvel kríur og efst í fjöru þar sem grýttara er eru tjaldar líklegir varpfuglar.


Í Vestmannaeyjum eru afar mikilvægar varpstöðvar sjófugla og falla eyjarnar allar og umlykjandi hafsvæði undir mikilvæg fuglasvæði.²⁰ Vestmannaeyjar eru á B-hluta náttúruminjaskrár²² en svæðið var valið vegna fjöruvistgerða og fugla, þ.e. klóþangsfjöru að hluta og mikilvægar varpstöðvar sjófugla, sjá Mynd 5.7. Stofna skrofu, stormsvölu og sjósvölu er svo til eingöngu að finna í Vestmannaeyjum, þar sem einkennisfuglinn er þó lundinn og er þar stærsta lundabyggð landsins. Aðrar tegundir þar sem falla

²⁰ Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – kortasjá. <https://vistgerdakort.ni.is/> (skoðað 27. maí 2024).

²¹ Náttúrufræðistofnun Íslands. Mikilvæg fuglasvæði – Suðurlandsundirlendi. <https://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sudurlandsundirlendi> (skoðað 27. mars 2024).

²² Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúruminjaskrá. <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra> (skoðað 26. mars 2024).


undir alþjóðleg verndarviðmið eru súla, rita, langvía og álka.²³ Einnig er Ystiklettur, sem lagnaleið fer fram hjá sbr. Mynd 3.1, á C-hluta náttúruminjasráð vegna mikilla og sérstæðra fuglabyggða. Skansfjara þar sem leiðslan kemur á land í Vestmannaeyjum er nú þegar röskuð sandfjara og þar er ekki að finna lykiltægundir sjófugla. Fjaran er sandfjara með óstöðugu yfirborði og því ekki klóþangsfjara.



Mynd 5.6 Mikilvæg fuglasvæði sitthvoru megin við Eyjasund þar sem vatnsleiðslan NSL4 verður. Annar tengipunktur leiðslunnar er á Suðurlandsundirlendi á stóru mikilvægu fuglasvæði vegna fuglategunda sem þrífast í votlendi og á öðrum svæðum inn til landsins. Hinn tengipunkturinn í Vestmannaeyjum er á fuglasvæði sem flokkast mikilvægt vegna sjófuglategunda.²⁴

²³ Náttúrufræðistofnun Íslands. Mikilvæg fuglasvæði - Vestmannaeyjar. <https://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/vestmannaeyjar> (skoðað 27. mars 2024).

²⁴ Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – kortasjá. <https://vistgerdakort.ni.is/> (skoðað 27. maí 2024).



Mynd 5.7 Svæði á B-hluta náttúru-minjaskrár í Vestmannaeyjum og hafsvæði umhverfis eyjarnar.²⁵

Vatnsleiðslan liggur til hliðar við núverandi vatnsleiðslu og hefur einnig landtöku á sömu stöðum. Helstu áhrif á fugla verða vegna aukins umgangs á framkvæmdartíma. Framkvæmdin er líkleg til að hafa óveruleg áhrif á fugla og verða áhrifin tímabundin.

5.5 Fornleifar

Engar skráðar fornminjar eru á framkvæmdasvæðinu og kemur framkvæmdin því líklega til með að hafa óveruleg áhrif á fornminjar. Ef nýjar fornminjar finnast á framkvæmdasvæði á framkvæmdartíma þarf að stöðva framkvæmdir og láta Minjastofnun Íslands vita.

5.6 Loftslag

Helstu áhrifabættir vatnsleiðslunnar á loftslag eru losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu hennar og flutnings til landsins ásamt losun vegna vinnu við framkvæmdir. Á rekstrartíma felast áhrifin helst í orkunotkun við að dæla vatni um leiðsluna en dælur eru rafmagnsknúnar sem felur ekki í sér mikla losun. Í tilfelli rafmagnsleysis eru vatnsdælur knúnar með varaafli úr díselrafstöð. Þar sem vatnstaka eykst ekki miðað við núverandi ástand má ætla að orkunotkun á rekstrartíma aukist lítið sem ekkert með tilkomu nýrrar leiðslu. Talið er líklegt að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á loftslag.

5.7 Ásýnd lands

Vatnsleiðslan verður til hliðar við núverandi vatnsleiðslu og að mestu neðansjávar. Þar sem grafa þarf skurði fyrir leiðsluna verður grafið yfir aftur með sama efni. Því má búast við að ásýnd svæðisins breytist afar lítið vegna framkvæmdar. Talið er líklegt að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á ásýnd lands.

²⁵ Náttúrufræðistofnun Íslands. Náttúru-minjaskrá – kortasjá. <https://natturuminjaskra.ni.is/> (skoðað 27. maí 2024).



5.8 Samfélag

Framkvæmdir við vatnsleiðslu munu skapa tímabundin störf. Á rekstrartíma mun leiðslan styðja við afhendingaröryggi neysluvatns fyrir byggð í Vestmannaeyjum og mun hún einnig styrkja atvinnulíf í Vestmannaeyjum sem reiðir sig á vatn í miklu magni, s.s. fiskvinnslu. Framkvæmdin er því nauðsynleg og er talin líkleg til að hafa talsvert til verulega jákvæð áhrif á samfélag í Vestmannaeyjum.

6 Niðurstaða

6.1 Helstu áhrif

Vatnsleiðsla NSL4 verður lögð til hliðar við núverandi leiðslu (NSL3), beint ofan á hafsbotn og með landtöku og tengipunktum annars vegar í Bakkafjöru á Landeyjasandi og hins vegar Skansfjöru í Vestmannaeyjum, á stöðum sem hefur þegar verið raskað vegna NSL3. Einhver gróftur mun verða í fjörum fyrir leiðsluna við báða tengipunkta en grafið verður yfir hana aftur með sama efni. Eldfellshraun, sem nýtur sérstakrar verndar, er við Skansfjöru í Vestmannaeyjum þar sem landtaka er, en ólíklegt er að framkvæmd valdi nokkurs konar raski á hrauninu vegna fjarlægðar tengipunkts frá því auk þess sem gert er ráð fyrir tengingunni við NSL4 nú þegar. Framkvæmdin er talin líkleg til að hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir.

Ekkert vatnsverndarsvæði er á fyrirhugaðri leið vatnsleiðslu NSL4. Vatnsleiðslan kemur ekki til með að þvera straumvötn og ekki er gert ráð fyrir aukinni vatnstöku vegna tilkomu hennar. Ekki er talið líklegt að framkvæmdin muni hafa í för með sér hnignun viðkomandi vatnshlota. Því er talið líklegt að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á vatnafar.

Við framkvæmdir vatnsleiðslu NSL4 verður lítils háttar rask á landi sem hefur áhrif á gróður. Framkvæmdasvæði á landi er þó aðallega í lítt grónum fjörum og því talið að líkleg áhrif á gróður verði óveruleg.

Tenging vatnsleiðslu í Bakkafjöru er innan mikilvæga fuglasvæðisins; *Suðurlandsundirlendi*, og Vestmannaeyjar í heild eru flokkaðar sem mikilvægt fuglasvæði vegna mikilvægra varpstöðva sjófugla. Einnig eru Vestmannaeyjar á B-hluta náttúruminjaskrár að hluta til vegna sjófuglalífs. Vatnsleiðslan kemur tiltölulega stutt upp á land á þessum svæðum og er landtakan ekki á búsvæði þeirra fugla sem eru lykiltegundir mikilvægu fuglasvæðanna. Helstu áhrif á fugla verða líklega vegna aukins umgangs á framkvæmdartíma. Talið er að líkleg áhrif vegna framkvæmdar á fugla verði óveruleg.

Helstu áhrifapættir vatnsleiðslunnar á loftslag eru losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu hennar og flutnings til landsins ásamt losun vegna vinnu við framkvæmdir. Á rekstrartíma felast áhrifin í orkunotkun við að dæla vatni um leiðsluna, sem eru þó ólíkleg til að aukast að ráði miðað við núverandi ástand. Talið er líklegt að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á loftslag.

Vatnsleiðslan verður til hliðar við núverandi vatnsleiðslu og að mestu neðansjávar. Þar sem grafa þarf skurði fyrir leiðslu verður grafið yfir aftur með sama efni. Því er talið líklegt að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á ásjón lands.

Vatnsleiðsla NSL4 er nauðsynleg út frá sjónarmiðum almannahagsmuna. Framkvæmdir við vatnsleiðsluna munu skapa tímabundin störf. Á rekstrartíma mun leiðslan styðja við afhendingaröryggi neysluvatns fyrir byggð í Vestmannaeyjum og mun hún einnig styrkja atvinnulíf í Vestmannaeyjum, s.s. fiskvinnslu. Framkvæmdin er því talin líkleg til að hafa talsvert til verulega jákvæð áhrif á samfélag í Vestmannaeyjum.

6.2 Mótvægisáðgerðir

Þar sem framkvæmdin kemur til með að hafa óveruleg áhrif á umhverfi er ekki þörf á mótvægisáðgerðum vegna hennar. Gert er ráð fyrir að verklagi við framkvæmdir verði háttað þannig að áhrifum á viðkvæm svæði verði haldið í lágmarki.



6.3 Heildarniðurstaða

Talið er líklegt að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir, vatnafar, gróður, fugla, fornleifar, loftslag og ásýnd lands. Þá er talið að framkvæmdin muni líklega hafa talsvert til verulega jákvæð áhrif á samfélag.

Það er mat framkvæmdaraðila að ný vatnsleiðsla til Vestmannaeyja sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.



7 Heimildir

Stjórnarráð Íslands, 2023. Viljayfirlýsing undirrituð um nýja vatnslögn til Eyja. Innviðaráðuneytið, Fjármála- og efnahagsráðuneytið. Sótt þann 3. Júní 2024 af <https://www.stjornarradid.is/>.

Landhelgisgæsla Íslands. Sjókort. Sótt af <https://kort.gis.is/mapview/?app=kort>

Stjórnarráð Íslands, 2023. Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028. Samþykkt á alþingi þann 16. maí. Innviðaráðuneytið. Sótt 28. maí 2024 af <https://www.althingi.is/>.

Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2032. Sótt af <https://www.skipulag.is/>.

Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035. Sótt af <https://www.skipulag.is/>.

Stjórnarráð Íslands, 2000. Mörk sveitarfélaga til hafsins. Innviðaráðuneytið. Sótt þann 28. maí af <https://www.stjornarradid.is/>.

Umhverfisstofnun. Náttúruminjaskrá. Sótt af <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/>

Náttúrufræðistofnun Íslands. Sérstök vernd náttúrufyrirbæra. Sótt af <https://serstokvernd.ni.is/>

Jarðfræðikort ÍSOR, 2024.

European commission. EMODnet Map Viewer. Sótt af <https://emodnet.ec.europa.eu>.

Stjórn vatnamála. Vatnavefsjá. Sótt 27. maí 2024 af <https://vatnavefsja.vedur.is/>.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Vistgerðakort. Sótt af <https://vistgerdakort.ni.is/>.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Mikilvæg fuglasvæði. Sótt af <https://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/>.